



# ÁFORM UM LAGASETNINGU

– sbr. samþykkt ríkisstjórnar frá 10. mars 2017, 1.-4. gr.

Málsheiti og nr.	Frumvarp til laga um breytingu á lögum um viðurkenningu á faglegri menntun og hæfi til starfa hér á landi 26/2010 / HVIN22020293
Ráðuneyti /verkefnisstjóri	Háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðuneyti
Innleiðing EES-gerðar?	<input checked="" type="checkbox"/> Já <input type="checkbox"/> Nei
Dags.	26. janúar 2024

## A. Úrlausnarefni

### 1. Forsaga máls og tilefni

Tilskipun (ESB) 2018/958 um meðalhófspröfun við lögverndun nýrra starfa var tekin inn í EES-samninginn með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar haustið 2021. Tilskipunin hefur skírskotun til tilskipunar 2005/36/EB um viðurkenningu á faglegri menntun og hæfi. Hún kveður á um rýni sem viðhöfð skal þegar EES-ríki telja koma til álitu að lögvernda ný störf eða þegar gildandi regluverk er endurskoðað.

### 2. Hvert er úrlausnarefnið?

Úrlausnarefnið er innleiðing gerðar er varðar rýni á þörfinni fyrir lögverndun nýrra starfa. Tilskipunin mælir fyrir um meðalhófskönnun sem beitt verði þegar fram koma tillögur um nýjar lögverndaðar starfsgreinar eða ef ráðist er í endurskoðun eldri krafna. Aðildarríki skulu þá rýna skilyrðin fyrir aðgengi að störfum og hvort gætt sé meðalhófs við ákvarðanir þar um, þær miðist við eðli starfs, hvort litið sé til almannahagsmuna. Þá er mikilvægt að kröfur gangi ekki lengra en þörf er á og séu til þess fallnar að ná þeim markmiðum sem að er stefnt. Enn fremur að athugað sé hvort ná megi sömu markmiðum með öðrum aðgerðum.

### 3. Að hvaða marki duga gildandi lög og reglur ekki til?

Lagastoð þarf til þess að unnt sé að birta efnisreglur er varða rýnina á innri vef Stjórnarráðsins.

## B. Markmið

### 1. Stefna hins opinbera á viðkomandi málefnasviði/málaflokki

Innleiðing tilskipunarinnar er í efnislegu samræmi við þá stefnu stjórnvalda að einfalda regluverk sem setur starfi fólks hindranir á fjölmörgum sviðum atvinnulífsins og eru til þess fallnar að hindra samkeppni. Má hér vísa til laga nr. 19/2020 um breytingu á ýmsum lögum varðandi leyfisveitingar (einföldun regluverks) og samkeppnismats OECD 2020 sem unnið var samkvæmt samningi við íslensk stjórnöld. Því er fyrirbyggjandi lagafrumvarp eðlilegt skref í að styðja við stefnu stjórnvalda í þessum málaflokki.

### 2. Markmið sem að er stefnt með lagasetningu í ljósi úrlausnarefnis og stefnu stjórnvalda

Markmið lagasetningarinnar er að stuðla að því að tiltekin rýni eigi sér stað áður en tillögur um nýjar lögverndaðar starfsgreinar eru leiddar í lög eða reglur. Jafnframt skal slík rýni fara fram þegar ráðist er í endurskoðun eldri krafna. Beita skal meðalhófi við slíkar ákvarðanir og kannað hvort ná megi sömu markmiðum með öðrum aðgerðum en lögverndun.

Markmið lagasetningar er að koma í veg fyrir ótilhlýðilegar takmarkanir á aðgangi að atvinnustarfsemi eða stundun hennar og tryggja gagnsæi og eðlilega starfsemi innri markaðarins.

## C. Leiðir

**1. Ekkert aðhafst - hvaða afleiðingar hefði það?**

Verði ekkert aðhafst yrði regluverk á Íslandi ekki í samræmi við reglur Evrópska efnahagssvæðisins og Ísland stæði ekki við þjóðréttarlegar skuldbindingar sínar samkvæmt EES-samningnum.

**2. Önnur úrræði en lagasetning sem metin hafa verið**

Þar sem gildandi lög kveða ekki á um meðalhófsrýni eru þau ekki í fullu samræmi við lágmarksreglur tilskipunarinnar. Því liggur fyrir að innleiðing hennar krefst lagabreytinga.

**3. Mögulegar leiðir við lagasetningu**

Helst kemur til greina að gera breytingu á lögum um viðurkenningu á faglegri menntun og hæfi til starfa hér á landi 26/2010.

**D. Hvaða leið er áformuð og hvers vegna?**

**1. Stutt lýsing á þeirri leið sem áformuð er og rökstuðningur fyrir henni**

Sú leið sem áformuð er felst í að gera breytingar á gildandi lögum til innleiðingar á tilskipun (ESB) 2018/958 þar sem lagastoð yrði sett fyrir birtingu leiðbeininga á innri vef Stjórnarráðsins um verklag við vinnslu stjórnarfrumvarpa í þeim tilvikum sem þau fela í sér tillögu um lögverndun starfa sem ekki hafa notið lögverndunar fyrr.

**2. Helstu fyrirhuguðu breytingar á gildandi lögum og reglum, hvort heldur bætt er við eða fellt brott**

Breyta þarf lögum um viðurkenningu á faglegri menntun og hæfi, nr. 26/2010 og útfæra ákvæði lagabreytingar í reglugerð til að tryggja að rýni í samræmi við tilskipunina fari fram. Setja þarf reglur um meðalhófsmat sem skal framkvæmt áður en nýjar reglur um lögverndun eru settar eða gildandi reglum er breytt.

**E. Samræmi við stjórnarskrá og þjóðarétt – aðrar grundvallarspurningar**

**1. Koma áformin inn á svið stjórnarskrár og þjóðréttarskuldbindinga?**

Lögfesting tilskipunar (ESB) 2018/958 er ekki talin vekja stjórnskipuleg álitamál. Innleiðing hennar eftir upptöku í EES-samninginn samræmist skuldbindingum Íslands samkvæmt samningnum.

**2. Varða áformin ákvæði EES-samningsins um ríkisaðstoð, tæknilegar reglur um vöru og fjarþjónustu eða frelsi til að veita þjónustu?**

Í vinnslu.

**3. Er önnur grundvallarlöggjöf sem taka þarf tillit til?**

Nei.

**F. Samráð**

**1. Hverjir eru helstu hagsmunaaðilar?**

Faglært fólk, fyrirtæki og stofnanir, fólk sem þiggur þjónustu af faglærðu fólki, Samtök iðnaðarins og samtök iðnsveina innan Alþýðusambands Íslands, aðildarfélög Bandalags háskólamanna, samtök kennara og samtök heilbrigðisstarfsmanna. Fagfélög í tækni- og hönnunargreinum.

**2. Er skörun við stjórnarmálefni annarra ráðuneyta?**

Já, önnur ráðuneyti eða stjórnvöld sem hafa með viðurkenningu starfsréttinda að gera.

**3. Samráð sem þegar hefur farið fram**

Samráð um frumvarp er í undirbúningi.

**4. Fyrirhugað samráð**

Samráð verður haft við þau ráðuneyti og stofnanir sem viðurkenna starfsréttindi, fagfélög o.fl. Frumvarpsdrög verða birt í Samráðsgátt.

**G. Mat á áhrifum þeirrar leiðar sem áformuð er**

**1. Niðurstaða frummats á áhrifum, sbr. Fylgiskjal**

Verði frumvarpið að lögum mun það fela ekki fela í sér kostnað við innleiðingu.

## H. Næstu skref, innleiðing

1. **Hefur verið gerð verkefnisáætlun fyrir frumvarpssmíðina?**

Nei

2. **Hvernig verður staðið að innleiðingu löggjafar? Hvað má gera ráð fyrir að þeir sem verða fyrir áhrifum, opinberar stofnanir/hagsmunaaðilar/almennigur, þurfi langan tíma til undirbúnings/aðlögunar?**

Tilskipunin kveður á um verklag við innleiðingu nýrra lögverndaðra starfsgreina eða þegar eldri kröfur eru endurskoðaðar. Ekki er gert ráð fyrir að ráðuneyti eða stofnanir þurfi tíma til aðlögunar.

3. **Hvaða forsendur þurfa að vera fyrir hendi til að lagasetning beri árangur?**

Innleiða þarf meðalhófsmatið með því m.a. að birta verklagsreglur á innri vef stjórnarráðsins.

4. **Mælikvarðar á árangur og útkomu**

Mælikvarði á árangur er að mat hafi farið fram á tillögu eða endurskoðun á lögvernduðum starfsgreinum í samræmi við tilskipunina.

5. **Hefur verið hugað að því að afla gagna til að meta árangur þegar þar að kemur?**

Stjórnarmálefnið “Viðurkenning á faglegri menntun og hæfi til starfa hér á landi” ber undir háskóla-, iðnaðar og nýsköpunarráðuneyti samkvæmt forsetaúrskurði nr. 6/2022, eins og honum var breytt með forsetaúrskurði nr. 2/2023. Ráðuneytið mun afla gagna til að meta árangur..

## I. Annað

|

## J. Fylgiskjöl

1. **Mat á áhrifum lagasetningar – Frummat, sbr. eyðublað**

2. **Önnur fylgiskjöl eftir atvikum**